

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sent með tölvupósti á ust@ust.is

Reykjavík, 24. jan 2023

Umsögn Landverndar um friðlýsingu Skaftár og vatnasviðs hennar

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirhugaða friðlýsingu Skaftár og vatnasviðs hennar og styður hana heilshugar svo langt sem hún nær.

Enginn vafi leikur á náttúruverðmæti svæðisins, enda hefur það fengið alþjóðlega viðurkenningu UNESCO sem hluti af Katla Geopark. Landsvæðið myndar afar sérstæða jarðfræðilega heild, með mikilli eldvirkni og samspili elds og íss. Vatnasvið Kúðafljóts, þar með talin Skaftá, Hólmsá og Tungufljót og vatnasvið jökuláanna á austurhluta svæðisins; Djúpár, Brunnár og Hverfisfljóts, eru enn óröskuð af virkjanaframkvæmdum. Gríðarlega mikilvægt er að halda því þannig. Í niðurstöðu verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar sem staðfest var af Alþingi í fyrra kemur fram að:

„Vatnasvið Skaftár er með næsthæsta verðmætamat allra landsvæða sem fjallað var um í faghópi 1 í 3. áfanga. Þá fékk virkjunarkosturinn hæstu áhrifaeinkunn allra virkjunarkosta sem til umfjöllunar voru, bæði hjá faghópi 1 og faghópi 2. Í niðurstöðum faghóps 1 kemur fram að Búlandsvirkjun myndi hafa í för með sér rof á einstæðri jarðfræðilegri heild og spilla ummerkjum Skaftárelda sem eru einstæðar minjar á heimsvísu.

Einstök lindasvæði gætu raskast, fjölbreytt búsvæði fiska og smádýra myndu eyðileggjast og mikil óvissa er um vatnsrennsli á verðmætustu búsvæðunum. Mikið rask yrði á gróðri og jarðvegi, auk áhrifa á vistkerfi og jarðveg vegna foks úr lónstæði og farvegi Skaftár frá inntakslóni að útfalli. Menningarminjar væru í hættu, þ.á.m. Granahaugur og Tólfahringur sem býður upp á mikla möguleika í rannsóknum. Einnig yrði mikil skerðing á sjónrænu gildi og fjölbreytni, auk mikilla áhrifa á fágætar landslagsgerðir.

Í niðurstöðum faghóps 2 kemur fram að neikvæð áhrif Búlandsvirkjunar yrðu víðtæk. Mannvirki fyrirhugaðrar virkjunar yrðu rétt við hálendismiðstöðina Hólaskjól en þar er gjarnan upphaf eða endir gönguleiða um Fjallabakssvæðið, svo sem norður til Langasjávar, til vesturs í Þórsmörk, Heklu eða Landmannalauga og að einhverju leyti á Lakasvæðið. Búlandsvirkjun hefur næstmest neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist af þeim virkjunarkostum sem til umfjöllunar eru. Einnig myndi virkjunin hafa mjög mikil neikvæð áhrif á beitarlunnindi og umtalsverð neikvæð áhrif á veiði,

einkum vegna óvissu um áhrif á rennsli um lindir til Grenlækjar, Tungulækjar og Eldvatns. Í þeim eru sérstakir stofnar sjóbirtings sem eru með þeim stærstu hér á landi og gefa umtalsverð veiðihlunnindi. Áhrif verða einnig vegna minnkaðs vatnsrennslis til Tungufljóts.“

Röng lagatúlkun

Landvernd telur ekki að túlka beri lög um verndar- og orkunýtingaráætlun¹ (rammaáætlun) þannig að svæði í verndarflokki skuli eingöngu friðlýst gagnvart orkuvinnslu yfir 10 MW fyrir vatnsafl eða 50 MW fyrir jarðvarma. Skynsamlegt er að undirbúa almenna friðlýsingu viðkomandi svæðisins gegn öllu raski sem skaðar náttúru þess og þjónar ekki verndarmarkmiðum. Þau svæði sem falla í verndarflokk rammaáætlunar hefur verkefnisstjórn hennar metið svo verðmæt að þeim skuli ekki raskað. Þá breytir litlu hvort um er að ræða rask vegna 500 MW jarðvarmavirkjunar eða 5 MW. Rask á náttúru er ekki mælt í megavöttum. Máli sínu til stuðnings vísar stjórn Landverndar í 53 gr. náttúruverndarlaga² sem hljóðar svo:

„Svæði sem falla í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem Alþingi hefur samþykkt skal friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Friðlýsingin felur í sér að orkuvinnsla er óheimil á viðkomandi svæði.“

Það er, svæði skulu friðuð fyrir orkuvinnslu, sama af hvaða stærð virkjanirnar eru. Stjórn Landverndar telur brýnt að þær friðlýsingar sem eru í undirbúningi á grundvelli rammaáætlunar hljóði upp á verndun gegn allri orkuvinnslu sem og að fyrri friðlýsingar verði leiðréttar til samræmis.

Lokaorð

Stjórn Landverndar styður friðlýsinguna heilshugar og bendir á að svæðið hefur verið rannsakað ítarlega og náttúruverðmæti þess gríðarlegt. Full ástæða er því til að veita svæðinu öflugan vernd umfram vernd gegn orkuvinnslu. Hið minnsta telur Landvernd að fara verði að náttúruverndarlögum og lögum um orkunýtingu og vernd landssvæða og friðlýsing látin gilda gegn allri orkuvinnslu.

*Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Lög 48/2011

² Lög 60/2013

